

Fljótsdalshérað  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir


Reykjavík 23. febrúar 2018  
UST201712-200/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag - Fljótsdalshérað 2008 - 2028 - breyting - Fellabær**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028. Breytingartillagan varðar breytta landnotkun á tveimur lóðum við gatnamót Lagerfells og Hringvegar í Fellabæ. Þar er lagt til að svæði með landnotkunina íbúðasvæði verði breytt í blandaða byggð.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillöguna. Svæðið er á móttum íbúðasvæðis, svæðis fyrir blandaða byggð og opins græns svæðis. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að íbúðabyggð í nágrenninu verði ekki fyrir ónæði af völdum áætlaðrar þjónustu á breytingarreit og telur mikilvægt að tryggt sé að gæði og næði í íbúðarhverfi breytist ekki. Einnig er mikilvægt að áætluð þjónustuhús falli vel að byggðinni sem fyrir er á svæðinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S. Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur